

Áfangalýsing - Íslenska



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2011

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ÍSL103 – Bókmenntir, málnotkun og ritun

Fjöldi eininga

3

Undanfari

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga eru grundvallarhugtök, bókmennta og málnotkunar tekin til skoðunar. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Þeir lesi fjölbreytta texta svo sem bókmenntir, dagblaða-, tímarita- og fræðigreinar auk texta á Netinu. Nemendur fái þjálfun í fjölbreyttri ritun m.a. gerð rökfærsluritgerða og tjáningu. Þeir læri að meta góða málnokun og öðlist trú á eigin málhæfni í ræðu og riti.

Kennslugögn:

- *Íslenska eitt*, höfundar Ragnhildur Richter o.fl.
- *Handbók um ritun og frágang*, höfundar Þórunn Blöndal og Ingibjörg Axelsdóttir
- Kjörbók að eigin vali
- Efni frá kennara

Námsmat: **EFTIR AÐ SKOÐA BETUR**

Fjölbreytt verkefni úr ólíkum efnispáttum: 40%

Kaflapróf: 15%

Kjörbókarverkefni/ritdómur: 15%

Ritgerð: 15%

Leiðarabók: 15%

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- almennum stafsetningarreglum
- hugtökum í bókmenntafræði og bragfræði í umfjöllun um bókmenntir
- fjölbreyttum tegundum texta
- sérkennum ritmáls og talmáls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- kynna sér tiltekið efni og taka afstöðu til þess
- beita stafsetningarreglum í rituðu máli
- nota bókmenntahugtök þar sem við á
- skrifa rökfærsluritergerð þar sem hann beitir gagnýnni hugsun og kemur skoðun sinni á
framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- meta hvað sé góð eða slæm málnokun
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang verkefna
- afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- lesa sér til gangs og gamans mismunandi tegundir texta og fjalla um inntak þeirra
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka gagnrýna afstöðu til mismunandi textategunda og færni í að færa rök fyrir máli sínu
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna ólík tilbrigði í málnokun
- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýnninn hátt
- túlka texta þótt merkingin sé ekki alltaf augljós